

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.04.2020

## Fundur 2-2020

---

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar laugardaginn 4. mars 2020 sem fjarfundur í ZOOM kl. 13:00

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

- 1. Breytingar á sveitarstjórnarlögum v. fjarfundi vegna Covid 19**
- 2. Skólaakstur**
- 3. Snjómokstur**
- 4. Sameiningarmál**
- 5. Bréf**
  - a. Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga
- 6. Fundargerðir**
  - a. Sameiningarnefnd A-Hún 25. febrúar 2020
  - b. Sameiningarnefnd A-Hún 19. mars 2020

### **Afgreiðsla:**

- 1. Breytingar á sveitarstjórnarlögum v. fjarfundi vegna Covid 19**

Í ljósi nýsamþykktra breytinga á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og auglýsingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um beitingu VI. bráðabirgðaákvæðis laganna, hefur sveitarstjórn Skagabyggðar ákveðið eftirfarandi:

- 1. Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.*
  - 2. Að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.*
  - 3. Að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10 og 11. gr. leiðbeininga innanríkisráðuneytisins, frá 15. janúar 2013, um ritun fundargerða, nr. 22/2013, m.ö.o. fundargerð er send á sveitarstjórnarmenn strax að loknum fjarfundi og skulu sveitarstjórnarmenn senda svar með tölvupósti á fundarritara þar sem fundargerð fundarins er staðfest. Þegar sveitarstjórnarmenn sitja næst fund sem ekki er fjarfundur skulu þeir undirrita fundargerðir eins og mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. umræddra leiðbeininga innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða.*
- Ákvörðun þessi gildir til 18. júlí 2020 skv. auglýsingu ráðherra, nema sveitarstjórn ákveði að afnema ákvörðunina fyrr.*

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.04.2020

## Fundur 2-2020

---

### 2. Skólaakstur

Undir þessum lið vék Magnús Guðmannsson af fundi.

Tillaga lá fyrir fundinum:

Þá daga sem skólahald í Höfðaskóla fellur niður vegna veðurs eða annarra ófyrirséðra truflana eða ef ófært er fyrir skólabíl greiðir Skagabyggð skólabílstjórum 50% af akstri þeirra daga. Þetta gildir afturvirktil til 1. desember 2019.

Tillaga þessi samþykkt með fjórum atkvæðum.

### 3. Snjómokstur

Undir þessum lið vék Magnús Björnsson af fundi.

Samningur við verktaka ræddur og afgreiðslu frestað.

### 4. Sameiningarmál

Staða í sameiningarviðræðum kynnt og farið yfir næstu skref.

Við kosningu aðalmanna í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu fyrirforst að kjósa varamenn. Eru þeir nú kjörnir: Kristján Steinar Kristjánsson sem 1. varamaður og Magnús Guðmannsson sem 2. varamaður.

### 5. Bréf

a. *Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga*

Bréfið tekið fyrir og oddvita falið að svara.

### 6. Fundargerðir

a. *Sameiningarnefnd A-Hún 25. febrúar 2020*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. *Sameiningarnefnd A-Hún 19. mars 2020*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### 7. Önnur mál

Umræður um viðhald á réttarskúr við Fossárrétt.

Oddviti upplýsti sveitarstjórnarmenn um að umsókn hefði verið send til Vegagerðarinnar fyrir styrkvegi.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.04.2020

## Fundur 2-2020

---

---

Umræður um COVID-19. Ýmis gögn eru komin inn á heimasíðu sveitarfélagsins.

Fleira er ekki tekið fyrir, fundargerð send í tölvupósti til fundarmanna til samþykktar.

Fundi slitið kl. 14:55.

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Karen Helga R Steinsdóttir

---

Magnús Guðmannsson

---

Kristján Steinar Kristjánsson